

Fjárlaganefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. október 2019

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020.

Í upphafi skal vísað í efni umsagnar Bandalags háskólamanna um fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2020–2024 sem send var til fjárlaganefndar 15. maí á þessu ári. Þar var lýst áhyggjum af því að áætlunin byggði á veikum grunni enda reyndust forsendur hennar brostnar áður en tillagan var afgreidd á Alþingi. Það frumvarp til fjárlaga sem hér er til umfjöllunar byggir á þessum sama grunni. Það er áhyggjuefni. Kjarasamningar opinberra starfsmanna við ríki og sveitarfélög í landinu haf nú verið lausir í meira en hálf t. Því miður hafa viðræður gengið hægt og lítið þokast í rétta átt. Ástæður þess má m.a. finna í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar.

Tekjuhlíðin

Í tengslum við svokallaða lífskjarasamninga á almenna vinnumarkaðnum í vor gaf ríkisstjórn fyrirheit um skattalækkanir. Nú hefur verið ákveðið að flýta fyrirhuguðum skattalækkunum enda efnahagshorfur með þeim hætti að slíkt getur talist fýsilegt. BHM fagnar því að lækkunum sé flýtt en bendir jafnframt á að sú þunga áhersla sem stjórnvöld hafa lagt á að lækka skatta hlutfallslega mest á tekjulægstu hópana í samfélaginu kallar á að hugað sé betur að aðgerðum fyrir stéttir með meðaltekjur, m.a. í tengslum við yfirstandandi kjarasamninga.

Samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda lækkar skattbyrði 400 þúsund króna tekna um 3,7% á næsta ári en aðeins um 1,4% fyrir fólk með 700 þúsund króna mánaðartekjur. Slíkt kann að stuðla að sátt á almennum vinnumarkaði en beinir sjónum að stöðu millitekjuhópanna, ekki síst þeirra hópa opinberra starfsmanna sem nú eru með lausa kjarasamninga.

Vinnumarkaðsmál

BHM fagnar því að í frumvarpinu sé það gert að markmiði að draga úr langtímaatvinnuleysi og bendir á að hlutfall háskólamenntaðra án atvinnu fer vaxandi og er nú 27% af heildinni. Það eru því blikur á

lofti. Í ágústmánuði voru 1.904 einstaklingar með háskólamenntun skráðir atvinnuleitendur. Meiri hluti þeirra er konur, eða 1.108. Mikilvægt er að stjórnvöld marki sér skýra stefnu í atvinnu- og menntamálum svo tryggja megi jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir menntuðu vinnuafli.

Launaforsendur

Í skýringum með frumvarpinu er fjallað um yfirstandandi kjaraviðræður opinberra starfsmanna. Þar er ítrekað bent á að stefna ríkisins sé að semja við ríkisstarfsmenn á grunni kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Að gefnu tilefni bendir BHM á að stéttarfélög opinberra starfsmanna hafa sinn eigin lögbundna samningsrétt auk þess sem forsendur svokallaðs lífskjarasamnings eru ekki sniðnar að þörfum og hagsmunum háskólamenntaðra stétta.

Í frumvarpinu eru launaforsendur fyrir 2019 leiðréttar úr 3,4% launahækkunum í 4%. Þá segir að mat á launahækkunum ríkisstarfsmanna byggist á fyrrgreindum samningum á almenna vinnumarkaðinum og er því áætlað að laun ríkisstarfsmanna hækki um 3% á árinu 2020. Í sama frumvarpi er gert ráð fyrir 3,2% verðlagsbreytingum á árinu. BHM beinir því til alþingismanna að skoða þennan lið vandlega. Það er með öllu óboðlegt að vinnuveitandinn ríkið bjóði starfsfólki sínu upp á kjararýrnun (sjá verðlagsspá 2020) eða launahækkanir sem halda varla í við verðlagsbreytingar. Samkeppnishæfni ríkisins sem vinnuveitanda er ógnað verði frumvarpið óbreytt að lögum.

Verðlagsspá Hagstofu Íslands	
2019	3,4%
2020	3,2%
2021	2,6%
2022	2,6%

Þá er mikilvægt að hafa hugfast að samkvæmt 7. grein samkomulags um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sem undirritað var árið 2016 ber að jafna laun á milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins. Nauðsynlegt er að löggjafinn tryggi fjármagn til þess verks enda ljóst að stíga þarf fyrstu skrefin til jöfnunar launa á milli markaða í yfirstandandi kjaralotu.

Fæðingarorlof

Stefna BHM kveður á um mikilvægi þess að endurskoða lög um fæðingarorlof, meðal annars reglur um fjárhæð greiðslna og tímalengd orlofs. Til að greiða fyrir samkomulagi aðila á almenna vinnumarkaðnum var m.a. ákveðið að lengja fæðingarorlofið um einn mánuð frá 1. janúar 2020. Sú ákvörðun endurspeglast í fjárlagafrumvarpinu. Þar er tekið mið af fyrirhuguðum breytingum sem snúa annars vegar að hækkun mánaðarlegra hámarksgreiðslna foreldra í fæðingarorlofi og hins vegar lengingar fæðingarorlofs í skrefum.

1. Hækkun mánaðarlegra hámarksgreiðslna foreldra í fæðingarorlofi:

Fjárheimild málaflokksins er aukin um 885 m.kr. til að hækka mánaðarlegar hámarksgreiðslur foreldra í fæðingarorlofi í 600.000 kr. sbr. markmið 1 í fjármálaáætlun 2020–2024.

2. Lenging fæðingarorlofs í 12 mánuð í skrefum:

Fjárheimild málaflokksins er aukin um 900 m.kr. vegna lengingar fæðingarorlofsins í 12 mánuði, sbr. markmið 1 í fjármálaáætlun 2020–2024.

BHM fagnar fyrirhuguðum áformum enda jákvæð skref en minnir einnig á að í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 lækkuðu hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði. Það olli því að færri feður nýttu rétt sinn til fæðingarorlofs. Til að ná jafnrétti á vinnumarkaðinum er nauðsynlegt að hækka mánaðarlegar hámarksgreiðslur foreldra í fæðingarorlofi enn frekar. Að sama skapi þarf lenging fæðingarorlofs í 12 mánuði að gerast hraðar og helst strax. Aðeins þannig getum við útrýmt gömlum hefðum og viðhorfum og stuðlað að jafnri ábyrgð á umönnun barna.

Framlög til nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina

Heildarútgjöld málefnasviðsins hækka um 1,6 ma.kr. milli ára að raungildi eða um tæplega 11%. Útgjöldin verða samtals 16,6 ma.kr. á næsta ári samkvæmt frumvarpinu en verða 14,9 ma.kr. á yfirstandandi ári samkvæmt fjárlögum ársins 2019. Það er ástæða til að fagna þessari hækkun. Fjármagnstilfærslur (þ.e. það sem ráðstafað er í beina styrki til rannsókna og nýsköpunar) hækka í heild um 1,7 ma.kr. milli ára og munu samtals nema rúmlega 13,2 ma.kr. á næsta ári samkvæmt frumvarpinu. Framlag til rammaáætlana ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun hækkar um 1,1 ma.kr. Ekki virðist vera gert ráð fyrir hækkun framlaga til innlendra samkeppnissjóða og er það miður. Stuðningur við nýsköpun eykst um 150 m.kr. Það er skref í rétta átt.

Fjármögnun háskólastigsins

Fjármögnun háskólastigsins skv. fjármálaáætlun 2018–2022.

Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
42.252	43.575	43.590	43.569	44.359

Fjármögnun háskólastigsins skv. fjárlagafrumvarpi 2020 (21 Háskólastig).

Ríkisreikningar 2018	Fjárlög 2019	Frumvarp 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
42.219	46.668	44.991	46.562	47.469

Samkvæmt frumvarpinu eru framlög aukin umfram það sem sett var fram í fjármálaáætlun en þó gert ráð fyrir lækkun á milli fjárlaga 2019 (46.668) og fjárlagafrumvarps 2020 (44.991).

Samkvæmt frumvarpinu er meginmarkmið málefnasviðsins að efla gæði í starfsemi háskóla, rannsóknastofnana og þekkingarsetra hér á landi. Til að efla gæði háskólastarfs þarf að endurskoða verðflokka reiknilíkans háskólanna. Það hefur bein áhrif á gæði háskólanáms. Í þessu felst m.a. að vinna áætlun um hversu marga nemendur ríkið greiðir fyrir miðað við kröfur um gæði og fjölbreytni í háskólanámi. Mikilvægt er að hagsmunaaðilar á borð við BHM og aðildarfélög eigi þess kost að taka þátt í þessu mikilvæga starfi. Þekkingin hlýtur m.a. að liggja hjá þeim aðilum sem þjónustuna veita.

Fulltrúar Bandalags háskólamanna eru að sjálfstöðu reiðubúnir að mæta á fund fjárlaganefndar til þess að fylgja umsögninni úr hlaði.

Virðingarfyllt,



Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM